



Reykjavík, 28. apríl 2025
SFS25030056

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um úthlutun styrkja úr þróunar- og nýsköpunarsjóði B hluta - Látum draumana rætast skólaárið 2025 - 2026

Samtals bárust 14 umsóknir fyrir kr. 96.350.000 en til úthlutunar eru kr. 75.000.000, 50 milljónir á fjárhagsárinu 2025 og 25 milljónir á fjárhagsárinu 2026. Sótt var um styrki vegna fjögurra samstarfsverkefna grunnskóla, eins samstarfsverkefnis leikskóla, tveggja samstarfsverkefna frístundastarfs og sjö þverfaglegra samstarfsverkefna leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs.

Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála skóla- og frístundasviðs og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkupphæð. Á fundi með úthlutunarnefnd þann 22. apríl 2025 voru umsóknir metnar út frá reglum sjóðsins og lögð er fram eftirfarandi tillaga að styrkjum úr þróunar- og nýsköpunarsjóðnum *Látum draumana rætast*:

Eitt verkefni sem er samstarfsverkefni leikskóla fái samtals kr. 8 milljónir.

Þrjú verkefni sem eru samstarfsverkefni grunnskóla fái kr. 19 milljónir.

Tvö verkefni sem eru samstarfsverkefni frístundastarfs fái kr. 11 milljónir.

Sex samstarfsverkefni leikskóla/grunnskóla/frístundastarfs fái styrki að upphæð kr. 37 milljónir.

Samtals 12 verkefni sem fái styrki að upphæð kr. 75 milljónir.

Mælt er með að eftirfarandi verkefni hljóti styrki:

Samstarfsverkefni leikskóla:

Tónlistariðkun í þremur leikskólum, 8 milljónir króna.

Samstarfsverkefni leikskólanna Klambra, Stakkaborgar og Nóaborgar, Menntavísindasviðs HÍ og Nýsköpunarmiðstöðvar menntamála. Markmið verkefnisins er að kortleggja tónlistarkennslu í þremur leikskólum sem eiga í tónlistarsamstarfi með það í huga að útbúa efni sem hægt væri að deila á vef menntastefnunnar fleiri leikskólum til hagnýtingar í tónlistarkennslu.



Samstarfsverkefni grunnskóla:

Heillaspor í skólastarfi, 6 milljónir króna.

Samstarfsverkefni Rimaskóla, Austurbæjarskóla, Menntavísindasviðs HÍ, Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og Austurmiðstöðvar. Markmið verkefnis er að setja saman lærdómssamfélag grunnskólanna tveggja sem koma að innleiðingu Heillaspora/Nurture í grunnskólum Reykjavíkur.

HugSmiðja – Hugsandi skólasamfélag, 8 milljónir króna.

Samstarfsverkefni Grandaskóla, Rimaskóla, Laugarnesskóla, Vesturmiðstöðvar, frístundaheimilisins Undralands, Mixtúru, Nýmennt HÍ og Menntavísindasviðs HÍ. Verkefnið felur í sér nýja nálgun á skólabókasöfn og kennsluhætti í grunnskólum. Samhliða verkefninu verður til dýrmæt reynsla í hönnun skólasafna 21. aldar skóla.

Markvisst innra mat, 5 milljónir króna.

Verkefnið er grunnskólaverkefni Suður-, Norður- og Vesturmiðstöðvar og skólastjórnenda í þessum hverfum. Markmiðið með verkefninu er að auka hæfni fagmennskuteyma til að efla markvisst innra mat í grunnskólum Reykjavíkur. Undanfari umsóknar er forvinna sem hefur verið unnin í Austurmiðstöð og í grunnskólum í austurhluta borgarinnar og þetta verkefni leggur áherslu á sambærilega vinnu í hinum hverfunum til að efla gæði grunnskólastarfs.

Samstarfsverkefni frístundastarfs:

Leiklist, dans og sköpun í Miðborginni, 4 milljónir króna.

Samstarfsverkefni félagsmiðstöðvarinnar 100og1, frístundaheimilisins Draumalands, frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, Menntavísindasviðs HÍ, Vesturmiðstöðvar og Girerd leikhússins. Markmið verkefnisins er að virkja nemendur til þátttöku og sköpunar, vinna með félags- og tilfinningahæfni, þrautseigju, kenna þeim að setja sér markmið og fylgja þeim, sjá afurð verða til og búa til framtíðar áhugafólk um listir. Með þátttöku styrkja börn og unglingar félagsfærni og efla jákvæð samskipti í gegnum listsköpun. Verkefninu er ætlað að stuðla að forvörnum gegn áhættuhegðun og aukinni virkni og þátttöku í skipulögðu félags-, íþrótt- og tómstundastarfi.

Skjól í stormi, 7 milljónir króna.

Samstarfsverkefni frístundamiðstöðvanna Tjarnarinnar, Brúarinnar, Kringlumýrar og Miðbergs ásamt Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, fagskrifstofu frístundamála og Samtakanna 78. Verkefnið snýr að vinnu með 13-16 ára trans börnum en rannsóknir síðustu ára hafa ítrekað sýnt fram á að ungir trans einstaklingar eru í miklum áhættuhópi fyrir ýmsa sálræna kvilla og fylgifiska. Markmið verkefnisins er að nýta kraft, þekkingu og færni innan félagsmiðstöðva til að hlúa að þessum hópi ungmenna, byggja hann upp og styrkja til frambúðar til að takast á við og standa af sér þann storm sem skekur samfélagið bæði á Íslandi og um heim allan og þær áskoranir sem fylgja auknum fordómum gagnvart þessum hópi fólks.



Samstarfsverkefni leikskóla/grunnskóla/frístundastarfs:

Ábyrgt og jákvætt samfélag á miðstigi (grunnskóli og frístundastarf), 4 milljónir króna

Samstarfsverkefni Vesturmiðstöðvar, Hlíðaskóla, Háteigsskóla, félagsmiðstöðvanna Gleðibankans og 105 og Íþróttafélagsins Vals. Markmið verkefnisins er að vinna að öflugu inngildandi samfélagi á miðstigi grunnskólans. Undirmarkmið snúa að vinnu gegn einelti, efla jákvæða sjálfsmynd barnanna í hverfinu, auka samvinnu við íþróttafélagið Val og við foreldrafélög skólanna. Horft er sérstaklega til þess að auka virka þátttöku barna í tómstundum, bæði íþróttum og þátttöku í frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum eða í öðru skipulögðu ungmennastarfi.

Farsæld til framtíðar (grunnskóli og frístundastarf), 8 milljónir króna.

Samstarfsverkefni félagsmiðstöðvarinnar Hundradogellefu, Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Suðurmiðstöðvar, Menntavísindasviðs HÍ og Netumferðarskólans. Markmið verkefnisins er að styrkja sjálfsímynd nemenda á miðstigi, félagsfærni og líðan þeirra, svo að þeim líði vel í eigin skinni, stundi heilbrigðan lífsstíl og byggji á þeim góða grunn til framtíðar.

Hverfið okkar í nærmynd - rödd samfélagsins (grunnskóli og frístundastarf), 4 milljónir króna.

Samstarfsverkefni Borgaskóla, Engjaskóla, Víkurskóla, félagsmiðstöðvarinnar Vígyn, Mixtúru og HÍ. Markmið verkefnisins er að efla tengsl milli nemenda Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla í samstarfi við félagsmiðstöðina Vígyn í Grafarvogi með því að virkja þá til að skoða og kynna samfélagið sitt. Það verður gert með því að nemendur taka þátt í að framleiða kynningarefni með kvikmyndaupptökum og hlaðvarpi um ýmsa þætti sem einkenna Grafarvog, svo sem náttúru, sögu, menningu og íbúa.

Handbókin Kynverund og kúltúr: Kynfræðsla fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn (grunnskóli og frístundastarf), 6 milljónir króna.

Handbókin er samstarfsverkefni Fellaskóla, Jafnréttisskólans, félagsmiðstöðvarinnar Hundradogellefu, ráðgjafa og viðbragðsteymis um óæskilega kynferðislega hegðun barna og ungmenna, Miriam Petru, fræðsluaðila um fordóma og inngildingu og Chanel Bjarkar hjá Mannflórunni og Menntavísindasviðs HÍ. Markmið verkefnisins er að auka aðgengi að kynfræðslu fyrir fjöltyngd börn og ungmenni með því að þróa sérsniðin fræðsluefni fyrir starfsfólk sem tekur mið af menningarlegum og tungumálafræðilegum fjölbreytileika.

LÆM – Læsi allra mál (leikskóli, grunnskóli og frístundastarf), 7 milljónir króna.

Samstarfsverkefni Suðurmiðstöðvar, leikskóla í Breiðholti, grunnskóla í Breiðholti, frístundaheimila í Breiðholti og ýmissa sérfræðinga í HÍ og HA. Markmið verkefnisins er að veita kennurum og starfsfólki markviss tækifæri til starfsþróunar og ígrundunar á eigin kennsluaðferðum vegna aukinar endurgjafar, utanumhalds og úrvinnslu úr niðurstöðum skimana. Efla enn frekar gæði kennsluhátta í leik- og grunnskólum hverfisins í gegnum aukið samstarf við sérfræðinga skólaþjónustunnar með tíðari fræðslu og ráðgjöf. Að veita börnum sem eiga í erfiðleikum markvissa íhlutun eins fljótt og auðið er ásamt því að mæta þörfum hvers og eins. Að koma á samfelldum verkferlum á milli skólastiga sem og á milli grunnskóla og frístundastarfs. Að valdefla foreldra í hlutverki sínu sem málfyrirmyndir barna sinna með faglegri fræðslu og nálgun.



Málproski og læsi - að virkja þátttöku foreldra (leikskóli og grunnskóli), 8 milljónir króna.

Samstarfsverkefni Fellaskóla, leikskólanna Aspar og Holts og Menntavísindasviðs HÍ. Markmið verkefnisins er að jafna tækifæri barna til náms, auka grunnfærni til að styrkja lestrarnám og styrkja um leið sjálfsmynd barnanna og foreldra þeirra. Stuðla að auknu íslenskunámi foreldra samhliða því sem börnin efla sinn orðaforða. Efla foreldrafræðslu, stuðla að aukinn færni og orðaforða foreldra í íslensku, ná betur til foreldrahópsins og styrkja hann til þátttöku í námi og leik barna sinna.